

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 29. sept. 2025		
Tími: 14:00		
Staðsetning: Stofa A7 í aðalbyggingu		
Síða 1 af 1		

Tegund fundar Skólanefnd

Fundarstjóri	Kolfinna Jóhannesdóttir
Fundarritari	Guðný Rún Sigurðardóttir
Mætt	Bryndís Eva Sverrisdóttir, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Ína Björg Árnadóttir, Þórhildur Lilja Hafsteinsdóttir, Kolfinna Jóhannesdóttir, Guðný Rún Sigurðardóttir, Björk Þorgeirsdóttir, Ásdís Arnalds.

	Fundarefni
1.	Kynning á hlutverki skólanefndar fyrir nýjum fulltrúum Skólameistari bauð nýtt nefndarfólk velkomið og fór yfir hlutverk skólanefndar skv. lögum um framhaldsskóla.
2.	Kosning formanns til eins árs og varaformanns Diljá gaf kost á sér til formennsku og Bryndís Eva gaf kost á sig til varaformennsku og var það samþykkt.
3.	Skólastarfið á haustönn ÁA lagði fram tölur um fjölda umsækjenda um skólavist á haustönn og kynjaskiptingu milli brauta í nútíð og fortíð. Skólameistari kynnti gögn um þróun nemendafjölda á mismunandi brautum í framhaldsskólum á landinu. Greindi einnig frá breytingum á stofnanasamningi KÍ sem tók gildi frá 1. ágúst s.l.
4.	Fréttir úr félagslífi nemenda ÞLH fór yfir helst viðburði úr félagslífi nemenda þar sem mikil áhersla hefur verið lögð á móttöku nýnema og þátttöku þeirra í nefndum Keðjunnar. Fram undan eru prufur og val fyrir Morfis- og Gettu betur lið Keðjunnar, þemavikur á næstunni og margt fleira.
5.	Fundargerðir Fundargerð starfsmannafundar 18. ágúst 2025 og kennarafundar 29. ágúst 2025 lagðar fram.
6.	Mannauðsmál Lagðar fram tölur um fjölda og kyn umsækjenda um stöður sem ráðið hefur verið í það sem af er árinu og fjölda og kynjahlutfall mannauðs skólans.
7.	Rekstrarstaða eftir 8 mánuði Staðan í rekstri er innan áætlunar það sem af er ári.
8.	Önnur mál Skólameistari kynnti samtal sem skólastjórnendur áttu með fulltrúum MMR um nýtt stjórnsýslustig fyrir framhaldsskóla.
9.	Fleira ekki gert , fundi slitið kl. 16:00.